

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Garðabær, 17.3.2020
Tilvísun: 202002-0044/42-0 Umsagnir almennt
TB
tb

Efni: Umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku í Engeyjarnámu í Kollafirði

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 24. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Björgunar ehf. um leyfi til efnistöku, 125 þús. rúmmetra af efni, úr Engeyjarnámu í Kollafirði.

Í ljósi ákvörðunar Skipulagsstofnunar um að framangreind efnistaka skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum og að efnistakan fer fram úr þegar röskuðu svæði gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að leyfi verði veitt til efnistökkunnar. Í gögnum málsins kemur fram að ekki hafi verið gerð krafa um að vakta strandrof við Engey þar sem ekki var talið líklegt að það ætti sér stað. Þetta hefur hins vegar ekki verið sannreynt eftir því sem kemur fram í gögnum málsins. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt af augljósum ástæðum að fylgst sé með hvort strandrof verði við Engey og einnig að fylgst sé með breytingum á botni, t.d. með myndatökum, fyrir og eftir efnistöku. Hægt er að stilla kröfum um vöktun á þann veg að þær gefi allra nauðsynlegustu upplýsingar um hvort breytingar verða eða ekki í samræmi við ætluð áhrif af efnistökkunni.

Virðingarfyllst,



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

